

19. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði 07.06 2011, kl. 13.30

Mætt voru Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Jóhann Þórhallsson, Lárus Heiðarsson og Þorvarður Ingimarsson. Anna Jóna Árnarsdóttir boðaði veikindaförföll. Magnhildur Björnsdóttir mætti um kl 14.15 sem varamaður, Einnig var mættur Skúli Björn Gunnarsson.

Oddviti setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

- 1. Endurskoðun á stoðkerfi atvinnulífs og menntunar á Austurlandi**
- 2. Skýrsla oddvita**
- 3. Laugarfellsskáli.**
 - a) Umhverfi Laugarfellskála, frágangur.
 - b) Starfsleyfi vatnsveitu.
 - c) Eftirlitsskýrsla HAUST. Kynnt.
 - d) Stofnun lóðar.
 - e) Önnur mál er varða skálann.
- 4. Ársreikningur Fljótsdalshrepps 2010, fyrri umræða.**
- 5. Húsnæði félagsaðstöðu aldraðra á Egilsstöðum.**
- 6. Sorphirða í Fljótsdalshreppi**
- 7. Boðun Aðalfundar Menningarráðs Austurlands 2011**
- 8. Hallormsstaðaskóli, eftirlitsskýrslur HAUST**
- 9. Ályktanir frá 61. sambandsþingi ÚÍA**
- 10. Bréf**
 - a) Afrit af bréfi Umhverfisráðuneytisins til Jóhanns F. Þórhallssonar, dags. 24.05
 - b) Varasjóður húsnæðsmála, ódags
 - c) Sýslumaðurinn á Seyðisfirði, dags. 27.04
- 11. Umhverfisstyrkir**
 - a) Jónas Hafþór Jónsson, Litlu Grund
 - b) Lárus Heiðarsson, Droplaugarstöðum
 - c) Einar Andrésson, Bessastöðum
- 12. Fjárbeiðnir**
 - a) Hús handanna
 - b) Ormsteiti
 - c) Skólahreysti
 - d) Aflið
 - e) Álfurinn
- 13. Fundargerðir**
 - a) Brunavarnir á Austurlandi 02.05, ásamt ársreikningi samlagsins 2010
 - b) Þróunarfélag Austurlands 04.04 og 17.05
 - c) Minjasafn Austurlands 12.04, ásamt ársreikningi safnsins 2010
 - d) Skólaráð Hallormsstaðaskóla 10.05
 - e) Fundur vegna byggingarfulltrúaskipta 09.05
 - f) Byggingarnefnd Fljótsdalshrepps 28.05
 - g) Skólanefnd Hallormsstaðaskóla 18.04 og 05.05
- 14. Kosning oddvita og varaoddvita til eins árs**
- 15. Önnur mál**

1. Endurskoðun á stoðkerfi atvinnulífs og menntunar á Austurlandi.

Skúli Björn kynnti vinnutillögu starfshóps um sameiningu á Austfirskum stoðstofnunum. Starfshópurinn sem samanstóð af fulltrúm SSA og stoðstofnunum fékk það hlutverk að endurskoða stoðkerfi atvinnulífs og menntunar á Austurlandi. Starfshópurinn hefur unnið tillögu sem snýr að sameiningu SSA, Þróunarfélags Austurlands, Atvinnuþróunarsjóðs Austurlands, Markaðsstofu Austurlands, Menningaráðs Austurlands og Þekkingarnetsins. Fjármögnun og stjórnun félaganna er með mjög mismunandi hætti, en hluti fjármagns kemur frá ríkinu í formi samninga við viðkomandi stofnanir og félög. Starfshópurinn á eftir að koma saman 1-2var sinnum og skila af sér formlegri tillögu til afgreiðslu stoðstofnana og sveitarfélaga. Framundan er einnig að ræða við viðkomandi ráðuneyti um fyrirætlanirnar og tryggja að fjárframlög verði ekki skorin niður komi til sameiningar. Í umræðu sveitarstjórnar um tillöguna komu fram jákvæð viðhorf gagnvart þeirri leið sem lögð er til og talið að talsverður ávinningur gæti orðið af sameiningu, sérstaklega í betri nýtingu á mannaúði.

Skúla Birni þökkud koman og yfirgaf hann fundinn um kl. 14.30.

2. Skýrsla oddvita.

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur gefið út leiðbeinandi fyrirmynd að gjaldskrá fyrir sveitarfélög. Samkvæmt nýjum skipulagslögum er nú skýr heimild til ýmisskonar gjaldtöku s.s. vegna skipulagsvinnu.

Innanríkisráðuneytið hefur sett nýja reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga. Meðal nýmæla er að öllum sveitarfélögum er gert að skila fjárhagsupplýsingum og greinagerðum með rafrænum hætti í miðlægan gagnagrunn Hagstofu Íslands.

Mennta-og menningarmálaráðuneytið (f.h. ríkissjóðs) og Samband íslenskra sveitarfélaga (f.h. sveitarfélaganna) hafa gert með sér samkomulag um eflingu tónlistarnáms og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms.

Eftir er að útfæra ýmis atriði varðandi samkomulagið, en á grundvelli þess á nemandi að geta skráð sig í framhaldsnám í tónlistarskóla hvar sem er á landinu. Sama á við um miðnám í söng. Fjármunir sem koma frá ríkinu skv. samkomulaginu eiga að tryggja að kennslukostnaður verði greiddur að fullu, án þess að sveitarfélögin þurfi að semja um það sín á milli. Jöfnunarsjóður mun annast úthlutun fjármagns á grundvelli samkomulagsins. Á móti framlagi sem ríkið leggur til vegna kennslukostnaðar í tónlistarskólum skuldbinda sveitarfélögin sig til að taka yfir ný verkefni frá ríkinu. Ekki liggur fyrir hvaða verkefni það verða.

ÍSí hvetur sveitarfélög til að styðja áfram dyggilega við starf íþróttafélaganna.

Staðfesting Deiliskipulags frístundabyggðar í landi Víðivalla ytri I hefur verið auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

LV hefur gefið út skýrsluna LV-2011/066- Áhrif gruggs á vatnalífríki Glúmsstaðadalsár. Niðurstöður vöktunar 2010

Gögn sem borist hafa:

Ársreikingur og ársskýrsla Þróunarfélagsins 2010

Ársreikningur og ársskýrsla Vaxtarsamnings 2010

3. Laugarfellsskáli.

- a. Umhverfi Laugarfellskála, frágangur. Samþykkt að auglýsa útboð á frágangi lóðar og umhverfi skálans. Auglýsingin birtist í Dagskránni í vikunni og tilboð verða opnuð í Végarði 21. júní kl. 13.00.
- b. Starfsleyfi vatnsveitu. HAUST hefur gefið út starfsleyfi fyrir vatnsveitu og einnig starfsleyfi fyrir skálann.
- c. Eftirlitsskýrsla HAUST. Kynnt.
- d. Stofnun lóðar. Afmörkuð hefur verið á uppdrætti fyrirhuguð lóð við skálann, sem óskað verður eftir við forsætisráðuneyti að verði stofnuð.
- e. Önnur mál er varða skálann. Oddviti sagði frá húsbúnaði sem kominn er í skálann, einnig hefur verið unnið að ýmsum frágangi sem eftir var við lokaúttekt. Sífellt hefur runnið úr vegi við Laugarána og sjáanlega þjóna hólkar í ánni ekki því hlutverki sem þeim er ætlað.

4. **Ársreikningur Fljótsdalshrepps 2010, fyrri umræða.** Kynntur og lagður fram til umræðu. Verður tekinn til seinni umræðu á næsta fundi, sem stefnt er að síðari hluta júní mánaðar.

5. **Húsnæði félagsaðstöðu aldraðra á Egilsstöðum.** Sveitarstjórn samþykkir að leggja fram kauptilboð kr. 14.616.000- í 139.2 m² í eignarhlut á jarðhæð í Miðvangi 6 Egilsstöðum, við hliðina á félagsaðstöðu aldraðra, með það í huga að húsnæðið verði hluti af félagsaðstöðunni. Sveitarstjórn leggur áherslu á að gengið verði frá samningi/samkomulagi um að Fljótsdalshérað taki að sér rekstur húsnæðisins, áður en gengið verður frá kaupum.

6. **Sorphirða í Fljótsdalshreppi.** Samþykkt að breyta fyrirkomulagi á sorphirðu á þann veg að hætt verði að sækja lífrænt sorp á heimili. Þess í stað verði lögð til jarðgerðarílát fyrir lífrænt sorp. Verður kynnt fyrir íbúunum þegar dagsetningar og nánara fyrirkomulag liggur fyrir.

7. **Boðun Aðalfundar Menningarráðs Austurlands 2011.** Aðalfundurinn verður haldinn á Hótel framtíð á Djúpvogi 14.júní kl. 13.00. Oddviti verður fulltrúi sveitarfélagsins á fundinum og til vara Jóhann Fr.

8. **Hallormsstaðaskóli, eftirlitsskýrslur HAUST.** Kynntar.

9. **Ályktanir frá 61. sambandsþingi ÚÍÁ** Kynntar.

10.Bréf

- a. Afrit af bréfi Umhverfisráðuneytisins til Jóhanns F. Þórhallssonar, dags. 24.05. Staðfesting á skipun aðila í svæðisráð austursvæðis (rekstrasvæðis 2) Vatnajökulsþjóðgarðs.
Sveitarstjórn þykir miður að svæðisráðið skuli ekki skipað að öllu leiti fulltrúum búsettum á svæðinu.
- b. Varasjóður húsnæðsmála, ódags. Kynnt.
- c. Sýslumaðurinn á Seyðisfirði, dags. 27.04. Umsókn Þórðar Ólafssonar f.h. Papafjarðar ehf. fyrir nýju rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki II í Laugarfellskála. Sveitarstjórn staðfestir að afgreiðslutími og staðsetning staðar sem umsókn lýtur að sé innan þeirra ,arka sem reglur og skipulag sveitarfélagsins segir til um og veitir jákvæða umsögn.

11.Umhverfisstyrkir

- a. Jónas Hafþór Jónsson, Litlu Grund. Samþykktur hámarksstyrkur.
Lárus vanhæfur og vék af fundi.
- b. Lárus Heiðarsson, Droplaugarstöðum. Samþykktur hámarksstyrkur.

Lárus kom aftur til fundar.

- c. Einar Andrésón, Bessastöðum. Sendir viðbótarupplýsingar vegna umhverfisstyrksumsóknar sem samþykkt var á síðasta fundi sveitarstjórnar..

12.Fjárbeiðnir

- a. Hús handanna. Samþykktur styrkur að upphæð kr. 150.000-
- b. Ormsteiti. Samþykkt að hækka styrk 2011 úr kr. 70.000 í kr. 100.000-
- c. Skólahreysti. Hafnað.
- d. Aflið. Hafnað.
- e. Álfurinn. Hafnað.

13.Fundargerðir

- a. Brunavarnir á Austurlandi 02.05, ásamt ársreikingi samlagsins 2010. Kynnt.
- b. Þróunarfélag Austurlands 04.04 og 17.05. Kynntar.
- c. Minjasafn Austurlands 12.04, ásamt ársreikningi safnsins 2010. Kynnt.
- d. Skólaráð Hallormsstaðaskóla 10.05. Kynnt.
- e. Fundur vegna byggingarfulltrúaskipta 09.05. Úlfar Trausti Þórðarson hefur látið af störfum sem byggingarfulltrúi og Sveinn Þórarinnsson tekið við.
- f. Byggingarnefnd Fljótsdalshrepps 28.05. Fundargerðin staðfest.
- g. Skólanefnd Hallormsstaðaskóla 18.04 og 05.05. Kynnt.

14.Kosning oddvita og varaoddvita til eins árs. Gunnþórunn Ingólfssdóttir kosin oddviti til eins árs og varaoddviti var kosinn Jóhann Þórhallsson.

15.Önnur mál

- a) Gunnþórunn verður í sumarleyfi frá og með 27. júní til 18.júlí. Jóhann Frímánn leysir oddvita af í leyfinu.
- b) Jósef Valgarð Þorvaldsson verður verkstjóri unglíngavinnu sumarsins. 5 unglíngar sem búsettir eru í Fljótsdal og eru á aldrinum 13-15 ára eiga kost á vinnu frá 20. júní til 22. júlí.
- c) Einar Andrésón og Jónas Hafþór Jónsson hafa tekið að sér að girða lóð Végarðs og smíða utan um grillstæði og sorptunnuskýli við Végarð.

Fleiri ekki gert og fundi slitið kl. 19.00

Þorvarður ritaði fundargerð.

Gunnþórunn Ingólfssdóttir
Lárus Heiðarsson
Þorvarður Ingimarsson
Jóhann F. Þórhallsson
Magnhildur Björnsdóttir